

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

Auglýsing um að ný lyfjaskrá og sjerstök lyfsöluskrá skuli í lög leidd á Íslandi o. fl., undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland 15. janúar 1897, ásamt skrá yfir lyfefni og fl. í »Pharmacopoea Danica 1893«, er lyfsalar á Íslandi utan Reykjavíkur eru fyrst um sinn eigi skyldir að hafa í lyfjabúðum sínum o. s. frv. (A. nr. 1, bls. 2—7).

Brjef landshöfðingja til stiptysfirvaldanna um lántökuleysi til hússbyggingar á prestssetri. — Samkvæmt tillögum stiptysfirvaldanna í þóknanlegu brjefi, dagsettu 30. f. m., vil jeg hjermeð veita samþykki mitt til þess, að presturinn á Breiðabólstað á Skógarströnd, Jósep Kr. Hjörleifsson, taki allt að 2000 króna embættislán, sem eigi getur fengizt úr landsjóði, til að gjöra á staðnum íbúðarhús úr timbri, $13\frac{1}{2} \times 9\frac{1}{2}$ al., með $1\frac{1}{2}$ áln. porti, járnvarið allt umhverfis bæði á hliðum og göflum, með járnþaki, traust og vel vandað, með steinlímdum kjallara undir öllu húsinu, og að öðru leyti með því fyrirkomulagi, sem fram er tekið í áðurnefndu brjefi stiptysfirvaldanna. Húsinu fylgi járneldavjel og 2 ofnar. Ennfremur er þetta lántökuleysi þeim skilyrðum bundið, að síðari helmingur lánsins verði eigi útborgaður fyrri en sannað er með reglulegri skoðunargjörð þartil útnefndra manna, að húsið sje fullgjört og í áskildu standi, að lánid verði endurborgað af tekjum prestakallsins á 28 árum samfleytt með $\frac{1}{28}$ hluta lánsins á ári, auk vaxta, að sannað verði á fulltryggjandi hátt, að húsið sje traust og vel vandað, að húsið með eldavjel og ofnum verði eign prestakallsins, enda mega þá niðurfalla eptirnefnd hús, er áður fylgdu prestakallinu: baðstofa, göng með útidyrum, svonefnt miðhús, búr, eldhús og 2 skemmur, að presturinn haldi húsinu vátryggðu fyrir 2600 kr. að minnsta kosti, og að presturinn eða dánarbú hans skili húsinu við burtför eða fráfall hans í góðu og gildu standi, eða með fullu álagi.

Þetta er stiptysfirvöldunum hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun konungsstaðfestingar á lagafrumvarpi um borgaralegt hjónaband. — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 14. nóvbr. 1895, hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað lagafrumvarp, er borið hafði verið upp af þingmanna hálfu, og samþykkt á alþingi s. á., um heimild þeirra manna, sem eru í þjóðkirkjunni, til að ganga í borgaralegt hjónaband, og hafið þjer jafnframt skotið því til úrlausnar ráðaneytisins, hvort þetta lagafrumvarp yrði talið til þess fallið að hljóta allrahæsta staðfesting. Enn hafið þjer með þóknanlegu brjefi, dagsettu 22. júní f. á., sent hingað umsögn biskupsins yfir Íslandi um þetta lagafrumvarp, — en umsögn þessa höfðuð þjer útvegað að tilhlutun ráðaneytisins, — og hafið þjer lýst því, að þjer hafið eigi fundið ástæðu til að gjöra neinar athugasemdir við hana, með því að hún komi í öllu verulegu heim við það, er þjer höfðuð látið í ljós í fyrnefnda brjefi yðar.